

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/56/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 339/15/COL frá 16. september 2015 um að heimila Noregi að vikja frá tilteknum sameiginlegum reglum um flugöryggi samkvæmt 6. mgr. 14. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 66n í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið	1
2016/EES/56/02		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun nr. 124/16/COL	3
2016/EES/56/03		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun nr. 125/16/COL	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/56/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8060 – Abbott Laboratories/St. Jude Medical)	5
2016/EES/56/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8120 – Hapag-Lloyd/United Arab Shipping Company)	6
2016/EES/56/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8146 – Carlyle/Schön Klinik)	7
2016/EES/56/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8162 – Daimler/Athlon Car Lease International) – mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2016/EES/56/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8208 – CPPIB/Glencore/Glencore Agri) – mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2016/EES/56/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8219 – Clayton, Dubilier & Rice, Inc./Medical Depot Holdings, Inc.) – mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10

2016/EES/56/10	Upphaf málsmeðferðar (mál M.7878 – HeidelbergCement/Schwenk/Cemex Hungary/Cemex Croatia)	11
2016/EES/56/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8119 – DIF/Electricite de France/Thyssengas)	11
2016/EES/56/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8123 – Total/Lampiris)	12
2016/EES/56/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8153 – Wilmar/Bunge/Bunge Indo-China Holdings)	12
2016/EES/56/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8156 – Clayton Dubilier & Rice/WM Holding/BUT)	13
2016/EES/56/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8169 – Verlinvest/CRC/JV)	13
2016/EES/56/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8170 – ChemChina/Adama)	14
2016/EES/56/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8176 – Lindsay Goldberg/Flexibles Group)	14
2016/EES/56/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8186 – BC Partners/Keter and Jardin)	15
2016/EES/56/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8205 – SEGRO/PSPiB/SELP/Gliwice 5 Logistics Asset)	15
2016/EES/56/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8209 – GLM/Multico/Toray Group/TTC/JV)	16
2016/EES/56/21	Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer SA.39990 (2016/NN) (áður 2014/FC) – Meint aðstoð við Ducatt NV – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	16
2016/EES/56/22	Ríkisaðstoð – Bretland – Málsnúmer SA.34914 (2013/C) (áður 2013/NN) – Tekjuskattkerfi fyrirtækja á Gíbraltar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	17
2016/EES/56/23	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer SA.36112 (2016/C) (áður 2015/NN) – Meint aðstoð við hafnaryfirvöld í Napólí og Cantieri del Mediterraneo – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	17
2016/EES/56/24	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. maí 2016 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins – (Mál AT.39792 – Steel Abrasives)	18
2016/EES/56/25	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	18
2016/EES/56/26	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til leitar, rannsóknar og vinnslu á kolvatnsefnum	19

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/56/01

nr. 339/15/COL

frá 16. september 2015

um að heimila Noregi að víkja frá tilteknum sameiginlegum reglum um flugöryggi samkvæmt 6. mgr. 14. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 66n í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB, með áorðnum breytingum)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

Með vísan til 6. og 7. mgr. 14. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 66n í XIII. viðauka við EES-samninginn, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011,

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB, með áorðnum breytingum,

og 2. mgr. b-liðar CAT.POL.A210 og til b-liðar 2. mgr., 4. og 5. mgr. IV. viðauka við gerðina sem um getur í lið 66nf í XIII. viðauka við EES-samninginn,

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnáætlun meðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum,

hvor veggja með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.

með vísan til álits EFTA-nefndarinnar um flutningastarfsemi frá 21. mars 2015.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Noregur hefur óskað eftir að fá að beita tilteknum undanþágum frá sameiginlegum reglum um flugöryggi sem er að finna í reglum um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA hefur, samkvæmt 7. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar, með áorðnum breytingum, lagt mat á þörfina fyrir umbeðna undanþágu og hversu mikil vernd leiðir af henni, á grundvelli tilmæla frá Flugöryggisstofnun Evrópu, sem voru gefin út 26. júní 2015 (skjal nr. 762327). Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli mildandi ráðstafana sem lýst er í tilkynningu Noregs, að hin tilkynnta undanþága Noregs uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 3) Undanþágu, sem veitt er einu aðildarríki samkvæmt 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skal tilkynna öllum aðildarríkjum, sem skulu einnig eiga rétt á að beita þeirri undanþágu.

- 4) Samkvæmt ákvæðum 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 og aðlögunarliðar a) í 3. lið viðaukans við hana, skal túlka hugtakið „aðildarríki“ á þann veg að það taki til EFTA-ríkjanna, auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni.
- 5) Lýsing á undanþágunni, svo og á skilyrðunum sem henni tengjast, skal vera þannig að öðrum EFTA-ríkjum sé gert kleift, í skilningi reglugerðar (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum, að beita þeirri ráðstöfun þegar þau eru í sömu stöðu, án þess að þurfa frekara samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA. Aðildarríkin skul eigi að síður, í skilningi reglugerðar (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum, tilkynna beitingu undanþáganna til Eftirlitsstofnunar EFTA, Flugöryggisstofnunar Evrópu og landsbundinna flugmálafyrivalda, þar sem þær gætu haft áhrif utan þess ríkis.
- 6) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal, samkvæmt 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 og aðlögunarlið e) í 3. lið viðauka við hana, senda aðildarríkjum ESB upplýsingar um ákvörðun sem tekin var skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og berst frá frá Eftirlitsstofnun EFTA.
- 7) Því skal tilkynna þessa ákvörðun til allra EFTA-ríkjanna og til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til þess að hún geti komið upplýsingum áfram til aðildarríkja ESB.
- 8) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um flutningastarfsemi.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Noregi er heimilt að veita samþykki sitt fyrir undanþágur frá tilteknum framkvæmdarreglum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008, eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa, að því tilskildu að skilyrðunum sem tilgreind eru í 2. hluta viðaukans við þessa ákvörðun sé fullnægt.

2. gr.

Öll EFTA-ríkin skulu eiga rétt á því að beita sömu ráðstöfunum og um getur í 1. gr., eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun, og með fyrirvara um tilkynningaskilduna sem kemur fram í 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

4. gr.

Tilkynna skal Noregi, Íslandi, Liechtenstein, og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 16. september 2015.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Helga Jónsdóttir
Stjórnarmaður

Markus Schneider
Starfandi deildarstjóri

VIÐAUKI

Undanþága Noregs frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012, að því er varðar hindranabil við flugtak í Mo í Rana (ENRA) og Ørsta-Volda (ENOV)**1 Lýsing á undanþágunni**

Noregi er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2., 4. og 5. mgr. b-liðar greinar CAT.POL.A.210 (Hindranabil við flugtak) í IV. viðauka (CAT-kafla) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum, að leyfa flugrekandanum Widerøe Flyveselskap AS að nota allt að 25 gráðu beygjuhalli í 100 til 400 feta hæð að lágmarki fyrir Bombardier Dash 8 flugvélar sínar á tveimur mismunandi flugvöllum, Mo í Rana (ENRA) og Ørsta-Volda (ENOV).

2 Skilyrði sem tengjast beitingu undanþágunnar

Undanþága þessi gildir um flugrekandann Widerøe Flyveselskap AS á grundvelli viðbótarráðstafana sem flugrekandinn hrinti í framkvæmd til að uppfylla öryggiskröfur sambærilegar þeim sem fást við beitingu sameiginlegra, tæknilegra krafna og stjórnsýslumeðferða sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 965/2012, með áorðnum breytingum. Viðbótarráðstöfununum er lýst í tilmælum Flugöryggisstofnunar Evrópu, dagsettu 26. júní 2015 (skjal nr. 762327) og tengjast: grunnþjálfun og reglubundinni þjálfun, kröfum um kynningu áhafnar, sjónrænum leiðsögutækjum til að leiðbeina við beygjur og hindrunarljós, takmörkunum vegna veðurs, takmörkunum vegna gerðar afisingarvökva, viðbæti 47 við flughandbókina ⁽²⁾ sem tekur til verklagsreglna í flugi og afkastagetu, notkun einnar stillingar flapa í flugtaki (15 gráður) til að forðast ranga stillingu flapa í flugtaki, notkun áætlnar um eftirlit með flugritagögnum sem felur í sér árlega úttekt á frammistöðu- og þjálfunardeild; ennfremur tekur áframhaldandi eftirlitsáætlun norskra flugmálayfirvalda mið af mildunarþáttum og skilmálum viðurkenningar flugrekandans Widerøe Flyveselskap AS.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2016/EES/56/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	25. maí 2016
Málsnúmer	78956
Ákvörðun	124/16/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Sveitarfélagið Lista eða Mosjøen
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Stök aðstoð við Hydro Aluminium AS/Alcoa Norway ANS vegna byggingar tilraunavers
Lagastoð	Aðstoðarkerfi Orkusjóðs sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðun 248/11/COL
Tegund aðstoðar	Stök aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi Orkusjóðs, sem verður tekin til ítarlegs mats
Markmið	Umhverfi og nýsköpun
Aðstoðarform	Styrkur
Fjárveiting	280 448 695 norskra króna
Aðstoðarhlutfall	40,3%
Gildistími	Aðstoð verður dreift á árin 2016-2017

⁽¹⁾ Gerðin sem um getur í lið 66nf í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008), með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 800/2013 frá 14. ágúst 2013 og reglugerð (ESB) nr. 83/2014 frá 29. janúar 2014, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.

⁽²⁾ Viðbætur 47 við flughandbók De Havilland Inc. fyrir Dash 8: „Rekstur við 25 gráðu beygjuhalli (eingöngu fyrir norska flugrekendur)“.

Atvinnugreinar	Framleiðsla hráals
Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð	Enova SF Professor Brochs gate 2 N-7030 Trondheim Noregur

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2016/EES/56/03

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	25. maí 2016
Málsnúmer	78958
Ákvörðun	125/16/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Sveitarfélagið Kristiansand
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Stök aðstoð við Glencore Nikkelverk AS vegna byggingar tilraunavers
Lagastoð	Aðstoðarkerfi Orkusjóðs sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðun 248/11/COL
Tegund aðstoðar	Stök aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi Orkusjóðs, sem verður tekin til ítarlegs mats
Markmið	Umhverfi og nýsköpun
Aðstoðarform	Styrkur
Fjárveiting	380 000 000 NOK
Aðstoðarhlutfall	44,3%
Gildistími	Aðstoð verður dreift á árin 2016-2021
Atvinnugreinar	Koparframleiðsla
Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð	Enova SF Professor Brochs gate. 2 N-7030 Trondheim Noregur

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8060 – Abbott Laboratories/St. Jude Medical, Inc.)

2016/EES/56/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Abbott Laboratories öðlast með hlutabréfakaupum, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu St. Jude Medical, Inc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Abbott Laboratories: rannsókn, þróun, framleiðsla og sala á margvíslegum heilbrigðisvörum, t.d. næringarvörum, lækningatækjum, greiningar- og lyfjavörum.
 - St. Jude Medical, Inc.: rannsókn, þróun, framleiðsla og sala á lækningatækjum, t.d. vörur til meðferðar á hjartsláttartruflunum, hjartabilun, hjarta- og æðasjúkdómum, gáttatífi og mótun taugaboða.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 370, 8.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8060 – Abbott Laboratories/St. Jude Medical, á eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8120 – Hapag-Lloyd/United Arab Shipping Company)

2016/EES/56/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Hapag-Lloyd AG („HL AG“), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum CSAV (Chile) og Hamburger Gesellschaft für Vermögens- und Beteiligungsmanagement mbH (Þýskalandi) og Kühne Maritime GmbH (Þýskalandi) öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í United Arab Shipping Company S.A.G. („UASC“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum).
2. Bæði HL AG og UASC veita gámaflutningaþjónustu og HL AG veitir einnig, að takmörkuðu leyti, gámahafnarþjónustu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 370, 8.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8120 – Hapag-Lloyd/United Arab Shipping Company, á eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8146 – Carlyle/Schön Klinik)

2016/EES/56/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið CGP Peggy S.à.r.l. (Lúxemborg), sem er félag með sérstakan tilgang og hluti af Carlyle Group („Carlyle Group“), ásamt Schön Family öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirlit, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu Schön Klinik SE („Schön Klinik Group“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Carlyle: stýring óhefðbundinna fjárfestinga. Stýrir sjóðum sem fjárfesta um um allan heim á ferns konar vettvangi: i) í framtakssjóðum sem fjárfesta í stórfyrirtækjum, ii) rauneignum, iii) markaðs-áætlanum á heimsvísu og iv) fjárfestingalausnum.
 - Schön Klinik Group: einkaaðili sem rekur sjúkrahús fyrir sjúklinga sem eru tryggðir með almannatryggingum og einkatryggingum með áherslu á bráðaþjónustu, geðsjúkdóma, bæklunar-skurðlækningar og taugasjúkdóma.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 378, 14.10.2016). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8146 – Carlyle/Schön Klinik, Inc., á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8162 – Daimler/Athlon Car Lease International)**

2016/EES/56/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Mercedes-Benz Financial Services Nederland B.V., sem er alfarið í eigu dótturfyrirtækis Mercedes-Benz Nederland B.V., sem er sjálft alfarið í eigu dótturfyrirtækis þýska fyrirtækisins Daimler AG („Daimler“), öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Athlon Car Lease International B.V. („Athlon“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Daimler: þróar, framleiðir og selur fólksbifreiðar og atvinnuökutæki og veitir þar að auki fjármálaþjónustu innan ökutækjageirans, þ.m.t. fjármögnunar-, kaupleigu- og tryggingaþjónustu, sem og rekstur bílastæða.
 - Athlon: þjónusta í tengslum við kaupleigu bifreiða og flutninga.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 370, 8.10.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8162 – Daimler/Athlon Car Lease International, á eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8208 – CPPIB/Glencore/Glencore Agri)

2016/EES/56/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið Canada Pension Plan Investment Board („CPPIB“) og svissneska fyrirtækið Glencore plc („Glencore“) öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í svissneska fyrirtækinu Glencore Agriculture Limited („Glencore Agri“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CPPIB: fjárfestir í skráðum og óskráðum eignum, fasteignum, grunnvirkjum og gerningum sem bera fasta vexti.
 - Glencore: sala á og viðskipti með margvíslegar gerðir af hrávöru, m.a. málma, steinefni, olíu og olíuvörur, kol og landbúnaðarafurðir víða um heim. Viðskiptavinir þess eru viðskiptafyrirtæki með starfsemi í bíla-, stál, orkuframleiðslu-, olíu og matvinnsluiðnaði.
 - Glencore Agri: uppruni og markaðssetning landbúnaðarafurða, m.a. korns, olía/olíufræja, baðmullar, sykurs og lífdísels.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 378, 14.10.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8208 – CPPIB/Glencore/Glencore Agri, Inc., á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2016/EES/56/09****(mál M.8219 – Clayton, Dubilier & Rice, Inc./Medical Depot Holdings, Inc.)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið CD&R Reign Topco, Inc., sem endanlega lýtur yfirráðum bandaríska fyrirtækisins Clayton, Dubilier & Rice, Inc. („CD&R“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu Medical Depot Holdings, Inc. og á viðskipti sem bandaríska fyrirtækið Drive DeVilbiss Healthcare („Drive“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CD&R: fjárfestingar í eigin fé í kaupum stjórnenda fyrirtækis, kerfisbundin kaup á minnihluta-hlutdeild í eigin fé og önnur kerfisbundin kaup í gegnum sjóði sem stýra fjölda fyrirtækja í eignasöfnum sem eru með starfsemi í margvíslegum atvinnuvegum á heimsvísu.
 - Drive: framleiðsla og dreifing um heim allan á lækningatækjum, þ.m.t. vörur sem auka hreyfan-leika, vörur sem greiða fyrir svefni og öndun, rúm, vörur vegna offitu, hjólastólar, svefnundirlag og vörur sem fyrirbyggja þrýsting, vörur sem auðvelda sjálfshjálp, rafknúnir hjólastólar, endur-hæfingarvörur, búnaður fyrir herbergi sjúklinga, vörur fyrir líkamshirðu og búnaður notaður í raflækningum, einkum í þágu þarfa sjúklinga heima fyrir.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 378, 14.10.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8219 – Clayton, Dubilier & Rice, Inc./Medical Depot Holdings, Inc., á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Upphaf málsmeðferðar

2016/EES/56/10

(mál M.7878 – HeidelbergCement/Schwenk/Cemex Hungary/Cemex Croatia)

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. október 2016 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg innri markaðinum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinni tilkynntu samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á því að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Svo unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum við málsmeðferðina verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (C 374, 13.10.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7878 – HeidelbergCement/Schwenk/Cemex Hungary/Cemex Croatia, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/56/11

(mál M.8119 – DIF/Electricite de France/Thyssengas)

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. september 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32016M8119. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/12**
(mál M.8123 – Total/Lampiris)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. september 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8123. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/13**
(mál M.8153 – Wilmar/Bunge/Bunge Indo-China Holdings)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8153. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/14**
(mál M.8156 – Clayton Dubilier & Rice/WM Holding/BUT)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8156. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/15**
(mál M.8169 – Verlinvest/CRC/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. september 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8169. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/16**
(mál M.8170 – ChemChina/Adama)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8170. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/17**
(mál M.8176 – Lindsay Goldberg/Flexibles Group)

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. september 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8176. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/18**
(mál M.8186 – BC Partners/Keter and Jardin)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8186. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/19**
(mál M.8205 – SEGRO/PSPiB/SELP/Gliwice 5 Logistics Asset)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8205. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/56/20**
(mál M.8209 – GLM/Multico/Toray Group/TTC/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8209. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ríkisaðstoð – Belgía

2016/EES/56/21

Málsnúmer SA.39990 (2016/NN) (áður 2014/FC) – Meint aðstoð við Ducatt NV

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Belgíu, með bréfi dagsettu 19. maí 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur áhugaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB (Stjtið. ESB C 369, 7.10.2016, bls. 27). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
B-1049 Brussels
Belgium

Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Bretland**2016/EES/56/22****Málsnúmer SA.34914 (2013/C) (áður 2013/NN) – Tekjuskattkerfi fyrirtækja á Gíbraltar****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Bretlandi, með bréfi dagsettu 1. október 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur áhugaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB (Stjtið. ESB C 369, 7.10.2016, bls. 55). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
B-1049 Brussels
Belgium

Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Bretlandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Ítalía**2016/EES/56/23****Málsnúmer SA.36112 (2016/C) (áður 2015/NN) – Meint aðstoð við hafnaryfirvöld í Napólí og Cantieri del Mediterraneo****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dagsettu 28. júní 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur áhugaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB (Stjtið. ESB C 369, 7.10.2016, bls. 78). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
B-1049 Brussels
Belgium

Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. maí 2016 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins 2016/EES/56/24

(Mál AT.39792 – Steel Abrasives)

Hinn 25. maí 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽¹⁾, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (*Stjtið. ESB C 366, 5.10.2016, bls. 6*), að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín. Þessi ákvörðun er birt í heild sinni á ensku á vef aðalskrifstofu samkeppnismála: http://ec.europa.eu/comm/competition/index_en.html.

Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni 2016/EES/56/25

Stjórnvöld í Póllandi hafa auglýst eftirfarandi útboð:

- tilboð í sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á olíu- og gaslindum og vinnslu olíu og jarðgass á Proszowice-svæðinu, sérleyfisleitarsvæði 373, 374 og 393,
- tilboð í sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á olíu- og gaslindum og vinnslu olíu og jarðgass á Ryki-svæðinu, sérleyfisleitarsvæði 276, 277, 296 og 297.

Nánari upplýsingar um lagagrundvöllinn, tilgreind svæði, jarðfræðilegar upplýsingar, heildartexta tilboðslýsingarinnar sem og tilboðskröfur, matsviðmiðanir, skilyrði fyrir veitingu sérleyfisins og aðrar upplýsingar, þ.m.t. fyrirmynd að samningi um úthlutun námavinnsluréttinda, er að finna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (*Stjtið. ESB C 365, 4.10.2016, bls. 3 og 15*).

Tilboð verður að senda til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins eigi síðar en klukkan 16:00 (að Brussel-tíma) á síðasta degi 91 dags tímabils sem hefst daginn eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (birtingardagur 4.10.2016).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til leitar, rannsóknar og vinnslu á kolvatnsefnum **2016/EES/56/26**

Pólsk stjórnvöld hafa auglýst opinbert útboð á sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum og vinnslu olíu og jarðgass á Wolin-svæðinu, leitarsvæðum nr. 61, 62, 81 og 82.

Frekari upplýsingar um lagagrundvöll, þau leitarsvæði sem um ræðir, jarðfræðiupplýsingar, ítarlega lýsingu á útboðinu og kröfum sem tilboð þurfa að uppfylla, matsviðmið, skilyrði fyrir veitingu sérleyfis og aðrar upplýsingar, m.a. fyrirmynd að samningi um stofnun réttinda til námavinnslu, er að finna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([Stjtið. ESB C 370, 8.10.2016](#), bls. 3).

Tilboð skulu lögð fram á aðalskrifstofu umhverfissráðuneytisins eigi síðar en klukkan 16 (Mið-Evróputími) á síðasta degi 91 dags tímabils sem byrjar daginn eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (8.10.2016).